

Ísafjarðarbær,  
b.t. Gísli Halldórs Halldórssonar,  
Stjórnsýsluhúsinu,  
Hafnarstræti 1,  
400. Ísafirði.

[gisli@isafjordur.is](mailto:gisli@isafjordur.is)



Hnífsdal 8.6.2017.

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf., kt. 630169-2249, Hnífsdalsbryggju, 410 Hnífsdal og Vinnslustöðin hf., kt. 700269-3299, Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjum hafa náð samkomulagi um kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á skipi Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf., Páli Pálssyni ÍS-102, skipaskrárnúmer 1274. Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. en gert er ráð fyrir að það liggi fyrir eigi síðar en 16 júní n.k.

Skipið er selt án aflahlutdeilda, aflamarks og aflareynslu sem flutt verður á önnur skip Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf.


Reiknað er með að skipið verði afhent í fyrstu viku júlímánaðar n.k.

Með vísan til 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er Ísafjarðarbæ hér með boðinn forkaupsréttur að skipinu Páli Pálssyni ÍS-102, skipaskrárnúmer 1274.

Virðingarfyllt,

f.h. Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf.

**HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**

  
Einar Valur Kristjánsson framkvæmdastjóri